

**Nd.**

## **109. Tillaga**

til þál. um, að ríkisstjórninni sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota það, sem eftir er ónotað af fjárveitingu samkv. lögum nr. 58 19. maí 1930, og veitt var til dýpkunar á innsiglingu, fullnaðarviðgerðar hafnargarðanna o. fl. í Vestmannaeyjahöfn, til þess að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum fyrir höfnina.

### **Greinargerð.**

Með fullnaðarbyggingu hafnargarðanna í Vestmannaeyjum voru fengin skilyrði fyrir því, að koma þar upp stórskipabryggju, sem nú hefir verið fullgerð að mestu leyti. Venjuleg flutningaskip, sem til Eyjanna koma, nota nú þessa bryggju að jafnaði, en sökum þess hve höfnin er grunn, notast bryggjan ekki eins og skyldi; skipin taka niðri um fjöru, og er að því hinn mesti bagi. Auk þess er innsiglingin, þegar lágsjávað er, allt of grunn, jafnvel fyrir suma vélbátana, sem ganga frá Eyjum. Vitamálaskrifstofan hefir nú gert fullnaðaráætlun um nauðsynlegustu mannvirki innan hafnarinnar, en þar kemur fyrst og fremst til greina dýpkun, bæði innsiglingarinnar og svo í kringum stórskipabryggjuna. Samfara dýpkuninni er svo ætlað til þess að fylla upp með sandi þeim, sem mokað er frá botni, og þannig búa til nýtt land og lóðir undir byggingar meðfram höfninni.

Öllum ber saman um, er til þekkja, að nauðsynlegt sé fyrir höfnina sjálfa að eiga dýpkunartæki við hennar hæfi. Með því er mögulegt að taka fyrir árlega til dýpkunar vissa hluta hafnarinnar, og þá auðvitað fyrst og fremst þá, er að ofan greinir. Talið er líklegt, að slík tæki með tilheyrandi skipi (pramma) muni kosta kringum 100 þús. kr. Finnbogi Rútur Þorvaldsson verkfræðingur er nú á ferð ytra til þess meðfram að leita fyrir sér um kaup á hentugum dýpkunartækjum fyrir Vestmannaeyjar, en hann er manna kunnugastur staðháttum og öðru því, er til greina getur komið, þegar ákveða skal, hverskonar dýpkunartæki séu hentugust fyrir Vestmannaeyjar. Með þáttill. er ekki farið fram á neina nýja fjárveitingu til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, heldur aðeins það, að sú fjárupphæð, sem ónotuð er, en veitt var samkv. lögum þeim, er að ofan greinir, sé notuð í ákveðnu skyni, sem sé til að gera það kleift, að Vestmannaeyjar eignist nauðsynleg tæki til dýpkunar hafnarinnar, en það verður á þessu stigi málsins að teljast nauðsynlegt skilyrði fyrir öllum framkvæmdum, er miða að því að bæta höfnina að innanverðu og aðstöðu kaupstaðarins til að færa sér hana í nyt.